

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík
sigurdur@skipulagsstofnun.is
valur@skipulagsstofnun.is

Dags. 5.12.2014
Tilv. 5618-0-0005
Mál 2012-282
Máll. 0.5

Með erindi dags. 28. nóvember sl. óskaði Skipulagsstofnun eftir því að Veðurstofa Íslands brygðist við nýjum upplýsingum frá framkvæmdaaðila um nokkur atriði sem fram komu í umsögn Veðurstofunnar dags. 12. nóvember sl.

Umsögn Veðurstofunnar er sem hér segir:

Í minnisblaði Vatnaskila dags. 26. nóvember sl. er brugðist með fullnægjandi hætti við athugasemdum Veðurstofunnar við kafla 3 *Loftdreifingarlíkan* í skýrslu Vatnaskila sem fylgdi fyrri umsagnarbeiðni. Þó skal því haldið til haga úr fyrri umsögn Veðurstofunnar að vinnslu dreifingarkortanna er ábótavant. Þannig eru t.d. jafngildislínur ekki nægilega skýrar og kortin í heild miður læsileg.

Æskilegt hefði verið að framkvæmdaaðili hefði gefið skýrara og yfirgripsmeira svar við athugasemdum Veðurstofunnar sem lúta að kafla 3.6.3 Útblástur og töflu 6.1 í skýrslu Mannvits hvað varðar samræmi milli útblásturs koldíoxíðs og losunar kolmónoxíðs.

Virðingarfyllst,



Árni Snorrason
forstjóri VÍ